

Ráðherra getur með reglugerð heimilað að geymsla á filmu eða annarri jafngóðri eftirmynd viðkomandi bókar eða skjals komi að nokkru eða öllu leyti í stað geymslu bókarinnar sjálftrar eða skjalsins. Samanlagður geymslutími frumgagna og eftirmyndar má aldrei vera skemmri en 7 ár.

Efnahagsbók skal ætíð varðveita í 25 ár.

4. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu gera ársreikning einu sinni á hverju reikningsári, en hann skal a. m. k. hafa að geyma efnahagsreikning og rekstrarreikning. Reikningsárið skal vera 12 mánuðir.

Ársreikningurinn skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsársins. Hann skal færður í efnahagsbók og undirritaður þar af þeim, sem ábyrgð bera á bókhaldinu, sbr. 2. mgr. 4. gr. og 7. mgr. 5. gr. laga þessara.

Hafi einhver, sem skyldur er til að undirrita ársreikninginn, mótbárur fram að færa gegn honum, þá skal hann undirrita hann með árituðum fyrirvara. Koma skal fram, hvers eðlis fyrirvarinn er, og færa skal greinargerð um hann í efnahagsbókina.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 18 22. mars 1949, um kyrrsetningu og lögbann.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

18. gr. 2. másl. laganna orðist svo:

Þó vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign og skrásettu skráningarskyldu skipi, nema kyrrsetningu hafi verið þinglýst, og yfir viðskiptabréfum, nema athugasemd um kyrrsetningu hafi verið á þau skráð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.